

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Greiða skal orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, er ekki að finna ákvæði sem kveður á um að greiða skuli orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Í úrskurði nr. 19/2003 staðfesti úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins að reikna ekki orlofslaun á greiðslur vegna orlofstöku til kæranda í fæðingarorlofi. Í úrskurðinum segir m.a.: „Sá greinarmunur sem gerður er á rétti til orlofstöku og rétti til orlofslauna í framangreindum lögum styður þá niðurstöðu að í 2. mgr. 14. gr. ffl. felist fyrir-mæli um áunninn rétt til orlofstöku en ekki rétt til orlofslauna.“

Þetta hefur það í för með sér að einstaklingar í fæðingarorlofi fá ekki notið almennrar orlofstöku nema um annað hafi sérstaklega verið samið. Í slíkum tilvikum grafa réttindi á einu sviði undan réttindum á öðru sviði.

Þeirri lagabreytingu sem hér er gerð tillaga um er ætlað að tryggja að allir þeir sem nýta sér rétt til fæðingarorlofs eigi óskertan rétt í sumarorlofi.